



Opinber fjárfesting með minnsta móti – en þörfin er mikil

Opinber fjárfesting jókst um 3,7% á árinu 2015 og var þá 2,8% af landsframleiðslu sem er u.þ.b. einu prósentustigi minna en meðaltal síðustu 15 ára. Á fyrri árshelmingi 2016 mældist 1,9% aukning í opinberri fjárfestingu frá sama tíma 2015.

Svo virðist sem stjórnvöld margra síðustu ára hafi valið að taka hlutfallslega stærri hlut niðurskurðar út í fjárfestingu en samneyslu, þar sem stundum er auðveldara að draga úr framkvæmdum eða hefja þær ekki fremur en að draga úr hefðbundnum útgjöldum.

Enginn deilir um að á síðustu árum hefur orðið til umtalsverð fjárfestingarþörf á ýmsum sviðum, m.a. vegna skorts á viðhaldi. Hagur ríkissjóðs hefur batnað mikið að undanförunu, m.a. vegna stöðugleikaframlaganna. Mikil uppsöfnuð þörf er þannig fyrir auknar fjárfestingar í innviðum. Niðurskurður til vegamála eftir hrun hefur verið mikill og einnig er mikil þörf á verulegri uppbyggingu á flutningskerfi fyrir raforku og á ýmis konar mannvirkjum tengdum millilandaflugi. Ýmis ný verkefni sem talin eru nauðsynleg hafa einnig verið í umræðunni, t.d. Sundabraut, stækkun Hvalfjarðarganga og breikkun þjóðvega og endurbætur á þeim.


Vandmeðfarið með tilliti til hagstjórnar

Þá verður samt sem áður að fara varlega í fjárfestingu hins opinbera. Nú eru þegar farin að koma fram merki um aukna þenslu í íslenska hagkerfinu og því ættu stjórnvöld öllu jöfnu að halda aftur af sér við framkvæmdir og aukningu útgjalda. Hins vegar kallar mikil uppsöfnuð þörf á ýmsar framkvæmdir. Því kann að verða erfitt fyrir stjórnvöld að standa á bremsunni, m.a. í ljósi þess að staða ríkissjóðs er mjög góð um þessar mundir.

Fjárfesting í gatnagerð hefur minnkað


Yfirleitt er opinberri fjárfestingu skipt í fernt í þjóðhagsreikningum: vegi og brýr, götur og holræsi, byggingar og að lokum aðra fjárfestingu. Sé

Opinber fjárfesting á föstu verðlagi ársins 2015




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Hlutfall opinberrar fjárfestingar af vegrí landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innbyrðis skipting opinberrar fjárfestingar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



innbyrðis skipting þessara liða skoðuð yfir lengri tíma og því sem snýr að gatnagerð og samgöngum haldið saman má sjá að gatnagerð tekur töluvert minni hluta til sín nú en var á fyrsta áratug aldarinnar. Meðalhlutdeild frá 1990 var 36% miðað við 29% árið 2015. Meðalfjárfesting í gatnagerð á árunum 2000-2008 var rúmir 35 ma.kr. á verðlagi ársins 2015. Fjárfesting í gatnagerð á árinu 2015 var um 18 ma.kr., eða tæplega helmingur meðaltals fyrra tímabilsins. Þá hefur hlutur bygginga minnkað mikið á tímabilinu og varð sú breyting aðallega fyrir aldamót. Önnur fjárfesting hefur hins vegar aukist næstum jafnt og þétt allt tímabilið, úr u.þ.b. 10% upp í tæplega 40%.

Í hvað fer fjárfestingin?

Sé þróun fjárfestingar skoðuð eftir málaflokkum í rekstri hins opinbera á föstu verðlagi og meðaltal tímabilsins 1998-2002 borið saman við meðaltal tímabilsins 2011-2015 má sjá að aukning hefur verið í þremur flokkum, langmest í húsnæðis- og skipulagsmálum og veitum en einnig aukist í löggæslu, réttargæslu og öryggismálum. Fjárfesting í öðrum málaflokkum hefur minnkað, mest í menningar, íþrótt- og trúmálum og svo í efnahags- og atvinnumálum.

Ítarlegri sundurliðun


Sé ítarlegri sundurliðun skoðuð m.v. rekstur hins opinbera og samskonar samanburður gerður á föstu verðlagi á milli tveggja tímabila (1998-2002 m.v. 2011-2015) má sjá að aukningin var langmest í málaflokknum fangelsismál, enda eru ný fangelsi ekki byggð mjög oft. Einnig hefur verið mikil aukning í húsnæðismálum og í undirflokknum húsnæðis-, skipulags- og veitumálum sem eru ótalin annars staðar.

Sé horft á breytingar undirliða úr hinni áttinni, þ.e. hvar fjárfesting hefur minnkað mest eða aukist minnst, sést að fjárfestingin hefur dregist mest saman í flokknum menningar-, íþrótt- og trúmál ótalin annarsstaðar og þar á eftir koma utanríkismál, trúmál og önnur félagsmál og menningarmál með talsverða minnkun fjárfestingar.

Opinber fjárfesting mun líklega aukast


Opinber fjármál, sérstaklega ríkisfjármál, verða eflaust ofarlega í efnahags- og stjórnmála-

Breyting á opinb. fjárfestingu á föstu verðl. milli meðaltala '98-'02 og '11-'15




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mest aukning undirliða fjárfestinga



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Neikvæðasta breyting undirliða fjárfestinga




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



umræðunni næstu misseri. Eins og áður segir er staðan flókin að því leyti að staða ríkissjóðs er mjög góð á sama tíma og mikil þörf er uppi vegna lítilla fjárfestinga í innviðum í langan tíma. Á móti kemur að yfirleitt þykir óheppilegt að hið opinbera standi í miklum framkvæmdum á þenslutímum. Miðað við stöðuna er því ólíklegt að stjórnvöld (ríkissjóður) velji að stíga fast á bremsuna í þessum eignum og velji þannig frekar að forðast óvinsældir og gefa því frekar í.

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að opinber fjárfesting aukist um 2,5% í ár, 3,5% á næsta ári, og 4% á árunum 2018 og 2019. Opinber fjárfesting mun því nema 2,7% af landsframleiðslu á árinu 2019.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.